

Nd.

79. Frumvarp til laga

[75. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

I. Tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátafлотanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til rikissjóðs fyrir skattárið 1974.

Greinargerð.

Frá fyrstu tíð hefur verið talið eðlilegt og sjálfsagt að sjómenn bæru meira úr býtum fyrir vinnu sína en almennt gerist hjá þeim sem í landi vinna, enda í flestum tilfellum um áhættusamari vinnu að ræða og lengri og óreglulegri vinnutíma.

Nú er svo komið, að með hverju árinu sem líður reynist erfiðara að fá menn til starfa á þeim hluta bátafлотans, sem bolfiskveiðar stundar. Byggist þetta fyrst og fremst á því, að tekjumöguleikar þar eru orðnir mun minni en á hinum nýrri og stærri skipum og í mörgum tilfellum einnig mun minni en við ýmis hægari og áhættuminni störf í landi. Hefur þetta leitt til samdráttar í útgerð hinna smærri báta, enda hefur heildarþorskfiskafli bátafлотans farið minnkandi ár frá ári nú að undanfögnu eins og skýrslur Fiskifélags Íslands herá með sér.

Þegar þess er gætt, að enn þá er það svo, að afli hinna smærri báta, sem stunda bolfiskveiðar, er í allmörgum sjávarplássum undirstaðan undir atvinnulífi byggðarlagsins, er ekki nema eðlilegt að Alþingi gripi til þeirra ráða, sem fyrir hendi kunna að vera til úrbóta í þessum efnum, og telja flm., að samþykkt frv. þess, sem hér er flutt, miði í þá átt.

Á það skal að lokum bent, að í skýrslum Fiskifélags Íslands er að finna hefðbundna reglu hvað um sé að ræða, þegar talað er um bolfisk- eða þorskfiskveiðar bátafлотans, og gæti það að sjálfsögðu orðið leiðbeinandi um, hvaða tekjur um er að ræða, sem undanþegnar yrðu tekjuskatti, ef frv. yrði samþykkt.